



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rekstur og fjármál	6
Símenntun og fræðsla	7
Matvælaeftirlit	8
Umhverfiseftirlit	19
Vöktun	25
Hundaeftirlit	27

Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (skammstöfun HER) er eitt 10 heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á Íslandi, sjá nánar um almennt hlutverk, verkefni og skipulag HER; <https://reykjavik.is/um-heilbrigðiseftirlitid>

Stöðugildi hjá embættinu voru 23 en heimild fékkst á árinu 2019 fyrir tvö stöðugildi til viðbótar, eitt stöðugildi á sitt hvora eftirlitsdeildina en vegna aðstæðna var einungis ráðið í aðra stöðuna á árinu. Starfsemin skiptist í deildir og einingar eftir verkefnum, sjá skipurit hér fyrir neðan. HER hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki með breiðan bakgrunn og mikla þekkingu. Auk starfsfólks HER fær embættið þjónustu frá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, skrifstofufulltrúum, lögfræðingum og mannauðsfulltrúum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.



Árið 2020 var ár án fordæma og má segja að heimsfaraldur Covid-19 hafi kippt eftirliti fram um nokkur ár í einu hvað varðar nýjar aðferðir og nálgun verkefna. Strax í lok janúar var ljóst að skoða þyrfti starfsemina m.t.t. heimfaraldursins og var HER vel inni í framvindu mála enda með fulltrúa í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og í miklu samstarfi og samráði við Landlæknisembættið og sóttvarnalækni auk almannaþinga. Haldnir voru fjölmargir fundir og að meðaltali fleiri en einn vikulega allt árið. HER fór frá janúar af óvissustigi á neyðarstig undir vor og hélst það viðbúnaðarstig út árið. Einnig á HER fulltrúa í húshópi Höfðatorgs og Ráðhússins og var farið í mikla skipulagningu í stjórnsýsluhúsunum hvað varðar hólfun og ýmsar takmarkanir til að tryggja öryggi starfsfólks og gesta eftir því sem þeim var heimill aðgangur að húsunum.

Megináhersla strax í byrjun var að tryggja öryggi starfsmanna HER og að skoða möguleika að halda sem mestri starfsemi gangandi miðað við það og gildandi takmarkanir og sóttvarnarkröfur á hverjum tíma. Vel gekk að halda úti nauðsynlegu eftirliti í fyrirtækjum og á eftirlitsskyldum stöðum en fyrri hluta árs var eftirlitið minna en áætlað var vegna óvissu sem ríkti um hvaða nálgun á eftirlitið væri best. Jafnhliða eftirliti á staðnum var haldið út rafrænt eftirlit og þar sem það var framkvæmt gekk vel og reynslan leiðir í ljós að slíkt mun eflaust verða áframhald á völdum stöðum. Eins var talvert hringt í ákveðna fyrirtækjaflokka til að kanna stöðu mála þar sem fyrir voru viðkvæmstu hópar samfélagsins og allar utanaðkomandi heimsóknir sem ekki voru alveg nauðsynlegar óæskilegar. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að alveg að klára það eftirlit sem áætlað var á árinu. Þannig varð leiðbeiningarhlutverk HER aldrei mikilvægara til þjónustuþega og var umfram það sem vanalegt er. Hér var mest ráðleggingar í sóttvörnum og þrifum hvers konar.

Sett var á laggirnar sérstök Covid-19 síða á heimsíðu HER og talsvert var unnið af leiðbeiningum til fyrirtækja undir eftirliti og til almennings settar þar inn. Auk þess sem leiðbeiningar fyrir ýmsa starfsemi sem var takmörkuð á árinu voru unnar með Almannavörnum og Sóttvarnalækni.

Því miður tafðist enn frekar koma Hlöðunnar, tölvukerfi sem beðið hefur verið eftir í langan tíma sem er bagalegt sérstaklega vegna úrvinnslu úr gögnum, sérstaklega eftirlitsskýrslum.

Mörg stór mál komu upp á árinu sem og önnur sem héldu áfram frá fyrra ári og verður nokkrum gerð betur skil á einstökum deildum/einingum. Fjöl margar umsagnir voru unnar um lög og reglugerðir er varða stafsemi HER. Má helst nefna áframhald á breytingum laga nr. 7/1998 og sem áður koma fram miklar efasemdir um að þær breytingar skili sér í bættu umhverfi þeirra fyrirtækja sem lúta heilbrigðiseftirliti. Gagnrýnin beinist aðallega að auknu flækjustigi fyrir alla aðila.

Fagráðuneytin tvö, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fengu KPMG til að fara í greiningu á opinberu eftirliti. Einungis var skoðað eftirlit hjá heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga en ekki Umhverfisstofnun né Matvælastofnun. Þessu greiningarferli er ekki lokið þegar þetta er skrifað og ekki vitað hvað kom út úr því. Umsögn og tillögur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi til KPMG voru á þá leið að heilbrigðiseftirlit á að vera áfram í nærumhverfinu þar sem þekking á staðháttum er góð, mikil reynsla og þekking starfsfólks fyrir hendi auk þess sem eftirlitið er skilvirkt og ódýrt.

Farnar voru rúmlega 3000 eftirlitsferðir á árinu, þar af voru tveir heilbrigðisfulltrúa í 733 ferðum. Samtals eru þetta því tæplega 3750 ferðir heilbrigðisfulltrúa. Fyrirtæki með gild starfsleyfi voru um 3650 og eru þau háð reglubundnu eftirliti þar sem tíðni eftirlits er ákvörðuð eftir umfangi og áhættu viðkomandi reksturs. Kvartanir og ábendingar sem bárust voru um 1480 árinu, flestar hjá Umhverfiseftirlitinu en um 400 hjá Matvælaeftirlitinu. Hægt er að sjá nánar um starfsemina undir einstaka deildum og einingum.

Starfsmenn HER tóku þátt í tilraunaverkefni „Stytting vinnuvikunnar“ hjá Reykjavíkurborg og var almenn ánægja með það verkefni sem lauk í ágústlok. Vinnuvikan var á tímabilinu stytt um eina klukkustund í lok dags á föstudögum.



Rekstur og fjármál

Starfs- og eftirlitsáætlanir eru uppfærðar árlega og tillit tekið til mögulegra breytinga eða sveifla í rekstri í samræmi við það.

Áætlanir fyrir árið 2020 voru unnar og í framhaldinu kynntar og samþykktar á fundum umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar sem fer með hlutverk heilbrigðisnefndar fyrir hönd sveitarfélagsins. Í starfsáætlun voru kynnar nýjungar hjá embættinu sem og almenn störf HER og var áætlunin kynnt á starfsdegi með kjörnum fulltrúum. Forgangsröðun verkefna með reglubundið eftirliti og önnur lögboðin verkefni voru í forgrunni sem áður. Gjaldskrá hundaeftirlits hefur ekki hækkað síðan 2016 og gjaldskrá HER var ekki hækkuð á árinu. Tímagjald þjónustuverkefna er 14.100kr. Sjá nánar um opinber fjármál á <https://reykjavik.is/opinfjarmal>.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2020

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur		2020
Tekjur		
- Eftirlits- og starfsleyfisgjöld		-134.641.326
Laun		
- Laun og launatengd gjöld		256.788.154
Rekstrarkostnaður		
- Annar rekstrarkostnaður		30.893.159
Samtals laun og rekstrarkostnaður		287.681.313
Gjöld umfram tekjur:		153.039.987

Hundaeftirlit		2020
Tekjur		
- Eftirlits-, leyfis- og handsömunargjöld		-30.644.570
Laun		
- Laun og launatengd gjöld		32.554.726
Rekstrarkostnaður		
- Annar rekstrarkostnaður		13.853.250
Samtals laun og rekstrarkostnaður		46.407.976
Gjöld umfram tekjur:		15.763.406

Símenntun og fræðsla

Á árinu voru haldnir fræðslufundir um ýmis málefni s.s. um krefjandi samskipti og persónulega hæfni í starfi og einkalífi, sem skipulagðir voru af mannauðsdeild. Fagleg málefni voru kynnt á svokölluðum faghópsfundum sem haldnir eru mánaðarlega hjá HER um ýmislegt sem heilbrigðisfulltrúar fengu fræðslu um eða höfðu kynnt sér. Norræna matvælaráðstefnan var haldinn á Íslandi í ár og var hún vel sótt af heilbrigðisfulltrúum

Sem áður voru að störfum faghópar skipaðir heilbrigðisfulltrúum frá öllum svæðum í landinu auk fulltrúum frá yfirstofnunum þar sem miðlað er þekkingu og reynslu um ýmis mál; hollustuháttahópur, umhverfisgæðahópur og matvælahópur. Mesta fagþekking á starfi heilbrigðisfulltrúa liggur hjá þeim sjálfum. Að öðru leyti sáu heilbrigðisfulltrúar um að sinna sinni símenntun eftir þörfum hvers og eins og þeir eru ábyrgir fyrir.

Vorfundur heilbrigðiseftirlitssvæðanna á Íslandi sem halda átti með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti féll niður vegna heimfaraldursins en Umhverfisstofnun hélt fjarfund með öllum svæðunum um helstu málefni sem brunnu á. Árlegur haustfundur allra heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn í á netinu október. Þar voru tekin fyrir málefni eins og sýntökur og skimanir í eftirliti, eftirlit með netverslun, samvinna milli eftirlitsaðila, kælimiðlar, loftgæði svo eitthvað sé nefnt.

Matvælaeftirlit

Eins og áður hefur komið fram hafði Covid-19 heilmikil áhrif á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Hvað varðar Matvælaeftirlitið, þá hafði farsóttin og sóttvarnar aðgerðir sem gripið var til mikil áhrif á flesta eftirlitsþega deildarinnar. Fjöldi fyrirtækja í veitinga- og gististarfsemi lokuðu alfarið eða tímabundið á árinu þar sem ferðamenn hættu nánast að koma til landsins en önnur breyttu um starfsemi. Ótti við að fá smit inn í fyrirtækin gerði það að verkum að margir stjórnendur fyrirtækja vildu ekki fá heilbrigðisfulltrúa í eftirlit eða sýnatöku. Þó ekkert smit

hafi komið upp á deildinni þurftu nokkrir af starfsmönnum deildarinnar að fara í einangrun og sóttkví vegna smita sem komu upp í skólum barna þeirra. Allt hafði þetta áhrif á starf deildarinnar. Eftirlitsferðir urðu færri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í svona faraldri hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga mikilvægu hlutverki að gegna. Í byrjun faraldursins var lögð áhersla á að halda mikilvægasta eftirlitinu, sem framkvæmt er með sýnatöku gangandi, eftirliti með neysluvatni og eftirliti með varnarefnum í matvælum. Það hélt síðan áfram og síðan bættist við sýnatökur af kjöti og fleiri sýnatökur. Vegna sóttvarnartakmarkana gátu margir veitingastaðir ekki tekið á móti



gestum og breyttu þá margir stjórnendur slíkra staða starfseminni og fóru að bjóða uppá heimsendingu á matvælum og eða heimtöku á „take away“ matvælum. Matvælaeftirlitið breytti fljótt áherslum sínum í eftirliti og lögð var áhersla á leiðbeiningar og fræðslu til eftirlitsþega en það er mikilvægur þáttur í heilbrigðiseftirliti. Meðal annars voru gerðar 17 Covid-19 leiðbeiningar, flestar á íslensku en einnig á ensku, til matvælafyrirtækja, en einnig fyrir viðskiptavinum og þær birtar á sérstakri Covid-19 heimsíðu heilbrigðiseftirlitsins. Haft var samband við flesta veitingastaði, símleiðis og eða með tölvupósti. Þeim var svo leiðbeint með hvað væri mikilvægast að gera til að tryggja öryggi matvælna og svo voru þeim sendar viðeigandi leiðbeiningar. Matvælaeftirlitið byrjaði einnig rafrænt eftirlit með eftirlitsþegum, sem bæði byggði á myndum frá fyrirtækjunum um úrbætur, rafrænt eftirlit, þar sem stjórnandi

fyrirtækisins gekk um með myndavél og heilbrigðisfulltrúinn stjórnaði því hvað væri sýnt í myndbandinu. Áður hafði Matvælaeftirlitið lengi notað eftirlit með rafrænum gögnum s.s. skjölum og vottorðum sem og myndum af matvælum og var það mikið notað 2020.

Deild matvælaeftirlits gaf út starfsleyfi og annaðist eftirlit með starfsleyfis- og skráningarskyldum matvælafyrirtækjum í Reykjavík auk gististaða. Um er að ræða eftirlit með framleiðslufyrirtækjum matvæla og stóreldhúsum, þ.m.t. veitingastöðum s.s. veitingahúsum, krám, veitingastofum, kaffihúsum, veitingaverslunum, veisluþjónustu og



veislusölum. Auk þess er deildin með eftirlit með innflytjendum og heildsölum með matvæli, smásölum með matvæli; matsöluverslunum, söluturnum, fiskbúðum, ísbúðum, sérvæslunum með matvæli, matsöluvögnum, matvælamörkuðum, innflytjendum, framleiðendum og smásölum matvælasnertiefna sem og eftirlit með matvælamörkuðum og ýmsum viðburðum eða uppákomum þar sem matvæli komu við sögu.

Starfsleyfi sem eru í gildi í hverjum starfsleyfisflokki á hverjum tíma, er breytileg stærð og sveiflast til eftir aðstæðum. Í september 2020 var fjöldi fyrirtækja eða aðila með gild starfsleyfi hjá deild matvælaeftirlits 1892 og skiptust þau þannig á helstu starfsleyfisflokkum: Starfsleyfi fyrir gististaði voru 657, þar af voru 238 starfsleyfi fyrir íbúðagistingu, 179 starfsleyfi voru fyrir heimagistingu af eldri gerð og 122 starfsleyfi í gildi fyrir nýja heimagistingu. Starfsleyfi fyrir hótél, gistiheimili og gistiskála voru 118. Veitingastaðir (veitingahús, veitingastofur, veitingaverslanir, krár, skemmtistaðir, veisluþjónustur og veislusalir) og fyrirtæki með framleiðslu og sölu á tilbúnum matvælum voru með 505 starfsleyfi. Fjöldi starfsleyfa fyrir mötuneyti voru 137, 99 fyrirtæki voru með starfsleyfi fyrir framleiðslu á matvælum og 180 starfsleyfi fyrir heildsölur með matvæli. Starfsleyfi fyrir ýmiskonar smásala með matvæli, m.a. matvöruverslanir, stórmarkaðir, söluturnar, ísbúðir og sérvæslanir með matvæli voru samtals 291. Fjöldi flutningamiðstöðva með gild starfsleyfi á þessum tíma voru 18 og 2 gild starfsleyfi fyrir vatnsveitur. Þessu til viðbótar eru síðan matvælafyrirtæki sem eru ekki starfsleyfisflokki en eru skráningarskyld, t.d. frumframleiðendur matjurta og fyrirtæki sem framleiða og eða flytja inn og dreifa matvælasnertiefnum og voru 3 fyrirtæki með gilda skráningu. Ljóst er að þessi fyrirtæki eru langtum fleiri en þetta en þau eru ekki að virða skráningarskylduna samkvæmt

matvælalögum. Samtals eru þetta því 1892 aðilar eða fyrirtæki með skráð eða gild starfsleyfi í september 2020.

Starfsmenn á deild matvælaeftirlitsins voru 8 auk deildarstjóra en einn starfaði einungis fjórðung úr árinu og einn starfsmaður var í veikindaleyfi helmings árs. Þá lánaði Matvælaeftirlitið einn heilbrigðisfulltrúa í fjóra mánuði til Matvælastofnunar í sérstakt eftirlitsverkefni samkvæmt ósk stofnunarinnar. Gerð er grein fyrir þessu verkefni síðar í skýrslunni.

Farið var í samtals 963 eftirlitsferðir samkvæmt skráningum deildarinnar. Fjöldi eftirlitsferða vegna reglubundins eftirlits voru 493, eftirfylgniferðir voru 51 og skráð eftirfylgni án sérstakra ferða voru 51 tilvik. Þá var farið í 38 eftirlitsferðir vegna sérstaks eftirlits, 1 eftirlit vegna vöktunar og 2 vegna annarra ástæðna. Eftirlitsferðir vegna kvartana voru 24 og farið var í 19 eftirlitsferðir vegna úttekta.

Sýnatökur af matvælum er mikilvægur þáttur í öllu matvælaeftirliti. Heilbrigðisfulltrúar hjá Matvælaeftirliti fóru í 281 sérstakar sýnatökufærðir. Veigamestu þættir þess eftirlits eru sýnatökur vegna eftirlits með neysluvatni, sýnatökur vegna eftirlits með varnarefnaleyfum í matvælum og þar fer mest fyrir sýnatökum af matjurtum og ávöxtum, sýnatökur af kjöti og sýnatökur af ís. Þessum sýnatökum er gerð ítarlegri skil síðar í þessari samantekt.

Matvælaeftirlit hefur á undanförunum árum tekið sýni af ís í fyrirtækjum sem selja „ís úr vél“ til viðbótar reglubundnu eftirliti með íssölustöðum. Vegna aðstæðna voru tekin óvenju fá sýni af ís þetta árið. Fjöldi íssýnatökustaða 2020 voru 3, heildarfjöldi sýna var 4, fjöldi sýna sem stóðust kröfur reglugerða voru 3. Fjöldi íssýna sem féllu voru 1. Þegar við rannsóknir kemur í ljós að íssýni falla eða þarfnast athugasemda er starfsemi íssölustaðar takmörkuð og íssala ekki heimiluð fyrr en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ísinn standist allar kröfur.



Matvælaeftirlitið fer með eftirlit með neysluvatni í Reykjavík; tekur sýni af neysluvatni, hefur eftirlit með starfsemi og búnaði vatnsveitna og jafnframt eftirlit með brunnsvæði vatnsverndarsvæðis. Árið 2020 var heildarfjöldi vatnssýna 120 vegna eftirlits með vatnsveitu. Í reglubundnu

eftirliti voru tekin 112 sýni af neysluvatni úr stofnæðum, dreifikerfi og á vatnsverndarsvæðum.

Í svokallaðri heildarúttekt með neysluvatni voru tekin 8 sýni. Öll neysluvatnssýni sem tekin voru í eftirliti með vatnsveitum uppfylltu kröfur neysluvatnsreglugerðar. Þá voru tekin um 12 sýni af neysluvatni í matvælafyrirtækjum og uppfylltu þau einnig kröfur reglugerðarinnar.

Í eftirliti með varnarefnaleyfum í matvælum 2020 voru tekin 122 sýni, aðallega grænmeti og ávextir en einnig voru tekin 12 sýni af rúgmjöli, 12 sýni af hrísgrjónum og 12 sýni af baunum. Fjöldi sýna sem stóðust ekki kröfur reglugerðar voru 6. Í öllum tilfellum er um að ræða sýni sem tekin voru af vörum af erlendum uppruna; 3 sýni af spínati, og 3 sýni af salati eða salatblöndu.

Eftirlitsverkefni eru drjúgur þáttur í starfi deildarinnar. Ýmist er um að ræða verkefni á landsvísu með þátttöku allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar, eftirlitsverkefni nokkurra eftirlitssvæða eða bara hér í Reykjavík. Fjallað er um nokkur slík verkefni í þessari samantekt.

Matvælaeftirlitið tók þátt í eftirlitsverkefni vegna vöktunar á kjöt á markaði er varðar sjúkdómsvaldandi bakteríur og lyfjapol samkvæmt sérstökum samstarfssamningi við Matvælastofnun og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði. Samningurinn sneri að vöktun á sjúkdómsvaldandi bakteríum og sýklalyfjaónæmum bakteríum í fersku kjöti á markaði. Deildin sá um sýnatöku á kjöti í smásölu, frá janúar til desember 2020. Skimunin var að hluta samkvæmt reglugerð nr. 1000/2018 um vöktun á sýklalyfjapoli en samkvæmt henni á að skima fyrir ESB L/AmpC myndandi *E.coli* í kjúklingakjöti, svína- og nautgripakjöti árið 2020. Aðrar rannsóknir voru annars vegar samkvæmt sameiginlegu verkefni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) og íslenskra stjórnvalda og hins vegar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda um skimun á tíðni sjúkdómsvaldandi baktería á markaði. Skimunin náði yfir bæði innlent og erlent kjöt þar sem sérstaklega var kannað samkvæmt sýnatökuáætluninni fyrir 2020:



Ófrosið kjúklingakjöt: *Salmonella* og ESBL/AmpC myndandi *E. coli*. Einnig *campylobakter* yfir sumarmánuðina, apríl-sept.

Ófrosið svínakjöt: *Salmonella* og ESBL/AmpC myndandi *E. coli*

Alls voru 144 afurðasýni tekin í matvöruverslunum í Reykjavík. Af þeim voru tekin sýni af 72 af ófrosnu kjúklingakjöti, 72 sýni af ófrosnu svínakjöti. Hvorki *Campylobacter* né *Salmonella* greindust í neinum af þeim sýnum sem tekin voru árið 2020.

Matvælaeftirlitið tók þátt í átaksverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um aukið eftirlit með kjöti og eggjum á markaði í tengslum við breytingar sem höfðu verið gerðar á löggjöf um innflutning á þessum matvælum. Matvælastofnun hafði óskað eftir því að Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur lánaði starfsmann í þetta verkefni í samtals 4 mánuði og var það samþykkt. Verkefnið sneri að því rýna löggjöf um innflutning á kjöti og eggjum, fylgjast með innflutningi á þessum matvælum, skjalaskoðun og fara í eftirlit til innflutningsfyrirtækja og sýnatökur. Síðan að gera leiðbeiningar fyrir fyrirtækin og einnig fyrir heilbrigðisfulltrúa heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsfólk Matvælastofnunar og halda námskeið fyrir þessa aðila. Skoðuð voru sérstaklega 130 sendinganúmer á tímabilinu 1. janúar til 2. apríl hjá 22 fyrirtækjum. Á þessu tímabili var hlutfall kjúklingakjöts af innfluttu kjöti hæst eða um 43%, næst kom nautakjöt með um 25% og síðan svínakjöt um 23%. Varðandi skjalaskoðun þá voru í flestum tilfellum öll skjöl til staðar sem gerðar eru kröfur um. Í verkefninu var lagð áhersla á sýnatökur á ófrosnu kjöti yrði það flutt inn til landsins. Fjórar sendingar komu af ófrosnu nautakjöti og voru sýni tekin úr öllum sendingunum. Þrjár mismunandi vörur voru í hverri sendingu sem sýni voru tekin af. Öll sýni reyndust neikvæð með tilliti til salmonellu.

Matvælaeftirlitið sá um sýnatöku á nauta- og lambahakki hjá veitingastöðum í Reykjavík, frá september til desember 2020 sem var hluti af eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þar sem skimað var fyrir Shigatoxín myndandi E. coli (STEC). Verkefnið var vöktun án viðbragða og er aðeins verið að greina tilvist bakteríunnar en ekki magngreina. Því var ekki farið í aðgerðir vegna jákvæðra niðurstaða, en bent var sérstaklega á leiðbeiningar varðandi matvælaöryggiskerfi, eldun á hamborgurum og öðru hökkuðu kjöti og fræðsluefni um E.coli. Skimunin náði yfir bæði innlent og erlent kjöt sem er:

- Hrátt, ófrosið eða frosið nauta- og lambahakk sem engu hefur verið bætt í, kryddi, vatni eða öðrum íblöndunarefnum.
- Hrá, ófrosin eða frosin hamborgurum/buffi úr nauta- og lambahakki, ókrydduð.

Alls voru 64 sýni af nautahakki tekin á veitingastöðum í Reykjavík. Af þeim voru tekin 55 sýni af hamborgurum/buffi og 9 sýni af hakki. Af þessum 64 sýnum voru 16 jákvæð. Þá var tekið 1 sýni af lambahakki og reyndist það jákvætt. Sýni telst jákvætt ef ræktast upp *E.coli* með meinvirkni- og bindigeni. Um leið og farið var í sýnatökur voru ákveðnir þættir innra eftirlits skoðaðir sem tengjast meðferð á hakkinu sem sýni voru tekin af. Farið var yfir spurningalista sem tók á eftirfarandi fjórum þáttum: móttökueftirlit, rekjanleiki, eldun og kjarnhiti og upplýsingagiöf til viðskiptavina. Í ljós kom að móttökueftirlit var virkt hjá um þriðjungi veitingastaðanna. Rekjanleiki matvælna, sem sýni voru tekin af, voru í lagi í 62 % tilfella.

Hvað varðar eldun á hakki, þ.m.t. hamborgurum þá kom í ljós að einungis um 44 % veitingastaðanna, þar sem sýni voru tekin, bjóða ekki upp á mismunandi eldun á hamborgurum og hvað varðar upplýsingagiöf til viðskiptavina vissu starfsmenn um uppruna kjötsins í 81% tilfella.

Matvælaeftirlitið hafði, seinni part árs, frumkvæði að samstarfi þriggja heilbrigðiseftirlitssvæði um eftirlitverkefni um óleyfilegar heilsu- og næringarfullyrðingar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin voru heilbrigðiseftirlitssvæði Hafnarfjarðar og Kópavogs, heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja auk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra varð svo síðar þáttakandi í verkefninu. Í byrjun var ýmis konar markaðsefni rýnt, s.s. bæklingar stærri



smásöluaðila, auglýsingar í fjölmiðlum, heimasíður ýmissa dreifingaraðila og síðar merkingar á matvælum, oftast fæðubótarefni. Send voru út um 50 bréf þar sem voru gerðar athugasemdir við fleiri hundruð heilsu- og næringarfullyrðingar og fyrirtækjum gefinn frestur til að hætta notkun óleyfilegra fullyrðinga.

Fjöldi starfsleyfa sem samþykkt voru á árinu 2020 hjá Matvælaeftirlitinu voru 293. Afgreidd starfsleyfi vegna gististaða voru samtals 33, þar af voru 12 starfsleyfi vegna nýrrar starfsemi, 10 starfsleyfi vegna eigendaskipta, 3 vegna breytinga á starfsemi, 4 starfsleyfi vegna breytinga á húsnæði og 4 vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Fjöldi starfsleyfi vegna annarra fyrirtækja eða starfsemi en gististaða sem afgreidd voru á árinu voru samtals 261 og skiptust þau þannig: vegna nýrrar starfsemi; 113 starfsleyfi, vegna ný skráningar; 2 starfsleyfi, vegna eigendaskipta; 71 starfsleyfi, vegna endurnýjunar 40; starfsleyfi, vegna breytingar á húsnæði; 1 starfsleyfi, vegna

flutnings í nýtt húsnæði; 15 starfsleyfi og vegna breytingar á starfsemi; 19 starfsleyfi. Tímabundin starfsleyfi eða markaðsleyfi voru 32 af þessum 293 starfsleyfum sem gefin voru út hjá deildinni.

Á undanföllum árum hefur orðið æ vinsælla að halda ýmiskonar hátíðir og viðburði í borginni og hefur fjöldi þeirra vaxið á síðustu misserum. Yfirleitt fylgir þessu einhvers konar starfsemi með matvæli og dreifingu á veitingum. Þetta geta m.a. verið tónlistarhátíðir, jólamarkaðir, sýningar ýmiskonar og markaðir með matvæli. Þetta hefur kallað á aukna vinnu hjá Matvælaeftirlitinu í tengslum við eftirlit og við gerð og útgáfu starfsleyfa eða markaðsleyfa fyrir hvern viðburð í heild sinni. Einnig þarf að gera og samþykkja markaðsleyfi fyrir hvern sölubás en algengt er að á hverjum viðburði séu margir sölubásar með matvæli. Til viðbótar þessu þarf að gera sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hvern viðburð og oft fyrir hvern sölubás. Haldnir hafa verið fundir með stjórnendum þessara viðburða þar sem



farið hefur verið yfir hvern viðburð fyrir sig og farið er yfir umfang og hvers konar meðferð matvæla muni eiga sér stað. Einnig hefur verið boðið upp á stutta fundi eða námskeið fyrir söluaðila þar sem farið var yfir helstu kröfur sem gerðar eru og veittar leiðbeiningar um hvernig best er að haga málum til að tryggja matvælaöryggi. Fjöldi tímabundinna starfsleyfa og markaðsleyfa fyrir stærri viðburði með matvæli 2020 voru um 32. Þetta eru viðburðir s.s. Matarmarkaður á Miðbakka, Götubiti á Hjartartorgi, Jólamarkaður Nova og veitingasala fyrir utan Vegan búðina í Skeifunni.

Mikil tími og vinna fer í að vinna og gera umsagnir um ýmis erindi sem deildin fær. Matvælaeftirlitið veitti fjölmargar umsagnir um umsóknir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisleyfi en veitandi rekstraleyfa er Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi umsagna vegna rekstrarleyfa voru 200. Þar af voru 82 umsagnir vegna gististaða og 118 umsagnir vegna veitingastaða. Áætlað er að fjöldi umsagna vegna tækifærisleyfa og tímabundinna áfengisleyfa á árinu 2020 hafi verið um 49.

Deildin tók einnig þátt í gerð umsagna um frumvörp að lögum, drög að reglugerðum og önnur mál er varða starfsemi hennar. Þær helstu voru umsögn um breytingar á matvælaöryggjefinni,

umsögn um viðskiptaleyndarmál, umsögn um tillögur um aðgerðir gegn matarsóun, umsögn um að leyfa hunda á hótélum.

Á hverju ári berast deildinni fjöldi fyrirspurna, kvartana og ábendinga frá neytendum og öðrum vegna matarsjúkdóma og annars er varðar meðferð matvæla og starfsemi matvælafyrirtækja. Einnig berast kvartanir vegna ónæðis s.s. hávaða og lyktarmengunar frá veitingastöðum. Heildarfjöldi slíkra fyrirspurna, kvartana og ábendinga 2020 var um 400. Skráðar fyrirspurnir frá neytendum voru 118 og skráðar kvartanir voru um 203 á árinu og fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í að rannsaka þær og eftir atvikum að fylgja þeim eftir með viðeigandi aðgerðum. Helstu flokkar kvartana og fjöldi kvartana í hverjum flokki voru eftirfarandi: vegna merkinga matvæla; 35, vegna óþrifnaðar; 33, vegna hávaða; 40, vegna ólyktar; 15, vegna meindýra og ónytjadýra; 8, vegna meðferðar matvæla; 17, vegna gruns um matarsjúkdóm; 12, vegna aðskotahluta; 8, vegna frárennslis; 2, vegna framleiðslu án leyfis; 1, vegna ýmislegt og annað ótilgreint 40. Á hverju ári berast deildinni ábendingar og kvartanir er varða matvælafyrirtæki á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum og 2020 voru þær um 66 talsins. Engin stór matarsýking var á árinu 2020 en ábendingar um meintar matareitranir eða matarsýkingar voru 12.

Þó að flest matvæli hér á landi uppfylli kröfur laga og reglugerða og séu örugg þá gerir deildin á hverju ári athugasemdir í eftirliti við fjölda matvara vegna merkinga og innihalds þeirra. Þetta er bæði vegna matvara þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi deildarinnar en einnig er um að ræða matvörur þar sem ábyrgðaraðili er eftirlitsþegi Matvælastofnunar eða annarra heilbrigðiseftirlitssvæða. Gerðar voru athugasemdir á árinu í 31 tilfelli við matvörur, ein eða fleiri hverju sinni, þar sem ábyrgðaraðili var eftirlitsþegi deildarinnar og í 56 tilfellum við matvörur þar sem ábyrgðaraðili var eftirlitsþegi á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum eða hjá Matvælastofnun.

Þegar matvörur eru metnar hættulegar samkvæmt matvælalöggjöfni er krafist innköllunar á vörunum og eru þá sendar út sérstakar fréttatilkynningar. Yfirleitt er þetta gert í góðri samvinnu við viðkomandi matvælafyrirtæki. Á síðasta ári voru sendar út 25 fréttatilkynningar vegna innköllunar á matvörum sem er svipað og árið á undan.

Eftirlitsverkefni eru drjúgur þáttur í starfi deildarinnar. Ýmist er um að ræða verkefni á landsvísu með þátttöku allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar, eftirlitsverkefni nokkurra eftirlitssvæða eða bara hér í Reykjavík. Fyrr í þessari samantekt er fjallað um nokkur slík verkefni.

Árlega nýta starfsmenn deildarinnar sér tækifæri til að efla þekkingu sína og þjálfun. Lögð er áhersla á að starfsmenn bera ábyrgð á að sinna endurmenntun sinni. Helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn deildarinnar sóttu á árinu voru: Norræna matvælaeftirlitsráðstefnan, fundur um krefjandi samskipti, námskeið um nýja eftirlitsreglugerð, réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa, fræðslufundur um matvælasóun, fund heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um matarsóun, fundur um breyttar reglur um innflutning á hráu kjöti, fræðslufundur Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar, fræðslufundur um hvernig við hlúum að andlegri heilsu á óvissutímum og haustfundur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Starfsmenn tóku einnig þátt starfsmannafundum umhverfis- og skipulagssviðs, í deildarfundum en Matvælaeftirlitið hélt 79 deildarfundi á árinu og þar af voru 25 aukadeildarfundir,



starfsdögum deildarinnar, ýmsum vinnuhópum deildarinnar og taka þátt í og flytja kynningar á ýmsu eftirliti á heilbrigðisnefndarfundum eftir þörfum. Auk þess var deildarstjóri í Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar, var í Viðbragðsteymi umhverfis- og skipulagssviðs vegna Covids-19 og sótti fundi í framkvæmdarstjórn umhverfis-

og skipulagssviðs (USK) og miðborgarteymi sem staðgengill framkvæmdarstjóra. Tók þátt í einingarstjórafundum USK, og sat fund um stefnumótun USK, sat fundi í umhverfis- og heilbrigðisráði, afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, fundi um lögfræðileg málefni heilbrigðiseftirlits og deildarfundi matvælaeftirlits. Sótti fundi í matvælahópi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, fundi með úttektarhópi á vegum ESA sem hingað var komin til að taka út eftirlit Íslands með framleiðendum á matvælum tilbúnum til neyslu, fund Orkuveitu Reykjavíkur um umhverfismál.

Heilbrigðisfulltrúar og deildarstjóri héldu ýmis erindi og fyrirlestra á árinu. Sýnatökur og skimanir í eftirliti, til hvers og hvað er verið að skoða; Heimsendingar (dreifing) matvæla frá veitingastöðum og hvernig er eftirlitinu háttað; Notkun iAuditor við heilbrigðiseftirlit; Eftirlit á tímum Covid; Samvinna milli heilbrigðiseftirlitssvæða, fyrir haustfund heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, fyrirlestur fyrir nýbúa um stofnun matvælafyrirtækja – Átaksverkefni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, kynning á auknu eftirliti með kjöti og eggjum á markaði, kynning á eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á óleyfilegum

heilsu- og næringarfullyrðingum, meindýravarnir í matvælafyrirtækjum, innra eftirlit matvælafyrirtækja á varnarefnanámskeiði í Landbúnaðarháskóla Íslands

Ýmis konar samvinna er við opinberar stofnanir; Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, ráðuneyti og aðra aðila er stór og mikilvægur þáttur í starfsemi deildarinnar. Starfsmenn deildarinnar tóku virkan þátt í starfi matvælahóps heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar og áttu fulltrúa í flestum undirbúningshópum sem unnu að gerð leiðbeininga sem síðan voru gefin út á vegum Matvælastofnunar, sem leiðbeiningar fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin og Matvælastofnun. Dæmi um slíkt á árinu 2020 er vinnuhópur um endurskoðun á áhættumati og áhættuflokkun við matvælaeftirlit, vinnuhópur um endurskoðun á Eftirlitshandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, vinnuhópur um innkallanir matvæla og



vanmerkt matvæli á markaði, vinnuhópur um eftirlit með vefverslunum með matvæli s.s. fæðubótarefnum, og gerð eftirlitsverkefnis um kælingu matvæla og kælikeðjuna. Mikil samvinna er við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík. Teikningar vegna byggingarleyfisumsókna er varðar starfsleyfisskylda starfsemi voru yfirfarnar vikulega og gefnar umsagnir um 200 mál er varða heilbrigðiseftirlit. Þessu fylgja samskipti s.s. fundir og tölvupóstssamskipti við hönnuði og rekstraraðila.

Síðustu misseri hefur verið síaukin áhersla af hálfu löggjafans, ráðuneyta og Matvælastofnunar á að hægt sé að taka saman ýmsar tölfræðiupplýsingar um matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Kerfi sem HER hefur er ekki í stakk búið til að taka saman á fullnægjandi hátt þær upplýsingar sem kallað er eftir. Á deild matvælaeftirlitsins hefur áfram verið unnið við gerð gátlista í hugbúnaðinum iAuditor sem notaðir eru í eftirlitinu bæði á spjaldtölvum og einnig er hægt að vinna í hugbúnaðinum á borð- og fartölvum. Upplýsingum úr eftirlitinu er safnað í gagnagrunn sem hægt er að rýna og bera saman niðurstöður. Ljóst er að þetta hefur auðveldað eftirlitið, gert það markvissara og dregið úr tvíverknaði til muna auk þess að gera eftirlitsþegum léttara að fá yfirsýn yfir úrbótakröfur o.fl.

Nánar um Matvælaeftirlitið á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/matvaelaefirlit>

Helstu tölur hjá Matvælaeftirliti fyrir árið 2020:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild matvælaeftirlits eða eru skráð (tala í september 2020)	1892
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild matvælaeftirlits 2020	293
-Þar af ný starfsemi/nýskráning	127
-Þar af eigendaskipti	81
-Þar af endurnýjun	44
-Þar af breyting á starfsemi	22
-Þar af breyting á húsnæði	5
-Þar af flutningur í nýtt húsnæði	15
-Þar af tímabundið starfsleyfi (markaðsleyfi)	32
Umsagnir um rekstrarleyfi sýslumanns fyrir veitinga- og gististaði	200
Umsagnir um tækifærisleyfi	49
Skráðar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir	400
Fjöldi skráðra eftirlitsferða	963
Sýnatökur varnarefni - fjöldi sýna	122
Sýnatökur ís - fjöldi sýna	3
Sýnatökur neysluvatn - fjöldi sýna (úr dreifikerfi og af vatnsverndarsvæði)	120
Sýnatökur kjötverkefni - fjöldi sýna	208

Umhverfiseftirlit

Deild umhverfiseftirlits gefur út starfsleyfi og sinnir eftirliti með atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun og fyrirtækjum sem veita almenningi margvíslega þjónustu, hollustuháttafyrirtæki, sbr, viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. viðauka í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og fylgiskjal 1, í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deildinni var 1584 en auk þess eru 264 opin leiksvæði með starfsleyfi. Einnig hefur deildin eftirlit með íbúðarhúsnæði, gefur út tóbakssöluleyfi, sóttvarnavottorð fyrir skip, leyfi til hæsnahalds utan skipulagðra landbúnaðarsvæða, sinnir eftirliti með öryggisþáttum, eftirliti með hávaða innan og utanhúss, veitir umsagnir um lagafrumvörp, reglugerðir, skipulagsmál o.þ.h. sem fellur undir verksvið deildarinnar. Einnig sinnir starfsfólk deildarinnar sívaxandi fjölda kvartana af margvíslegu tilefni, þ.á.m. kvörtunum vegna númerslausra bifreiða í borgarlandinu en slíkar kvartanir skipta hundruðum árlega og voru límdir viðvörunarmiðar á rúml. 1000 ökutæki í kjölfar kvartana. Kvörtunum af öðru tilefni, s.s. vegna ólyktar, hávaða og slæmrar umgengni fjölgaði einnig þannig að heildarfjöldi kvartana hefur aldrei verið meiri. Starfsfólk sinnir einnig fræðslu og upplýsingagjöf til almennings og eftirlitsskyldra fyrirtækja, tekur þátt í samvinnuverkefnum og samstarfshópum innan og utan Reykjavíkurborgar.

Heimsfaraldur Covid-19 setti svip sinn á starf deildarinnar árið 2020. Reynt var að sinna reglubundnu eftirliti með hefðbundnu sniði til að byrja með en fljótlega var ljóst að innleiða þurfti nýtt verklag og breyta áherslum í eftirliti. Til að tryggja órofna starfsemi ef til þess kæmi að starfsmaður deildarinnar veiktist og samstarfsfólk þyrfti að fara í sóttkví var deildinni skipt í tvo hópa. Hóparnir skiptust á að vinna heima og í Borgartúni annan hvern dag. Til þess að heimavinna væri möguleg fengu allir fartölvu og VPN tengingu enda færðust samskipti innan deildar og við viðskiptavini að miklu leyti yfir í fjarfundabúnað meðan faraldurinn var í hámarki og þetta fyrirkomulag viðhaft. Starfsfólk var fljótt að tileinka sér nýja starfshætti og kom með ýmsar lausnir sem gerðu það að verkum að vel gekk að sinna vinnunni við breyttar aðstæður. Allt starfsfólk deildarinnar hittist daglega á fjarfundum þar sem farið var yfir verkefni dagsins og skipulag. Breyta þurfti um verklag við eftirlit þar sem hefðbundnar heimsóknir í fyrirtæki voru ekki æskilegar á þessu tímabili hvorki fyrir starfsfólk Heilbrigðiseftirlitsins né fyrirtækjanna. Mörg fyrirtæki sem deildin hefur eftirlit með voru auk þess lokuð að boði stjórnvalda s.s. íþróttahús, líkamsræktarstöðvar, sundstaðir og hárgreiðslu- og snyrtistofur svo

eitthvað sé nefnt og því ekki farið í eftirlit í þau á meðan. Önnur fyrirtæki s.s. skólar og leikskólar reyndu að verja starfsemi með því að takamarka aðgengi utanaðkomandi aðila. Á sama tíma var ljóst að mikil þörf var fyrir eftirlit og leiðbeiningar til þeirra fyrirtækja sem héldu úti starfsemi. Starfsfólk útbjó því leiðbeiningar sem settar voru inn á upplýsingasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna COVID-19 og einnig var hringt eða boðað til fjarfunda með skipulögðum hætti í fyrirtæki sem voru í starfsemi til að kanna hvernig gengi, hvort þörf væri á leiðbeiningum eða óskað eftir heimsókn frá eftirlitinu. M.a. var haft samband við leikskóla, skóla, dagmæður og undantekningalaust var þessu frumkvæði Heilbrigðiseftirlitsins vel tekið og starfsfólk fyrirtækjanna þakklátt fyrir framtakið. Þegar fyrirtækin sem var lokað þegar faraldurinn stóð sem hæst, s.s. sund- og baðstaðir, íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar gátu opnað á ný tók starfsfólk Umhverfiseftirlits þátt í að vinna leiðbeiningar fyrir þau um það hvernig ætti að tryggja smitvarnir, öryggi gesta og almenna hollustuhætti við þessar aðstæður undir stjórn Almannavarna. Einnig var unnið að því að uppfæra leiðbeiningar fyrir fyrirtæki og gátlista við eftirliti en vonir standa til þess að sú vinna nýtist við innleiðingu á Hlöðunni, væntanlegu upplýsingakerfi, en innleiðing þess hefur tafist úr hófi. Beðið hefur verið eftir nýju upplýsingakerfi en það Gopro sem nú er í notkun var innleitt á árunum 1996- 1998. Almennt má segja að árið 2020 tími hafi verið lærdómsríkt og aðferðir við eftirlit hafi tekið framförum á þessum fordæmalausu tímum. Mikilvægi leiðbeiningar- og fræðsluhlutverks heilbrigðiseftirlits í heimsfaraldri hefur sjaldan eða aldrei verið meira og reyndi þar á fagþekkingu og reynslu heilbrigðisfulltrúa sem sinntu því með þryði.



Útgáfa starfsleyfa var umfangsmikil sem fyrr. Alls voru afgreiddar 194 umsóknir um starfsleyfi á árinu og skiptust þær nær jafn á milli leyfi fyrir hollustuhátta starfsemi (92) og mengandi starfsemi (102). Vinna við umsóknir um leyfi fyrir mengandi starfsemi er mun tímafrekari nú en fyrir gildistöku reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og

mengunarvarnaeftirlit þar sem nú þarf að tilkynna um móttöku umsóknar og útbúa auglýsingu á vefsíðu HER með tillögu að leyfi fyrir hverja umsókn og gera þarf greinargerð um vinnslu málsins að lokinni útgáfu leyfis. Þá eru unnin sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi í þeim tilvikum sem ekki eru til samræmd starfsleyfisskilyrði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Tillögur að starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi eru auglýstar á heimasíðu í 4 vikur og er heimilt að gera athugasemdir á auglýsingatíma. Algengast er að starfsleyfi séu gefin út til tólf ára en í nokkrum tilvikum þar sem fyrirhugaðar eru breytingar s.s. vegna þéttingu byggðar eru gefin út leyfi til styttri tíma í samræmi við framtíðaráform í skipulagi. Flest leyfi sem gefin voru út tímabundið í stuttan tíma voru vegna niðurrifs bygginga og annarra mannvirkja. Einnig fjölgaði nokkuð leyfum vegna niðurrifs á asbesti sem er starfsleyfisskyt í öllum tilvikum og krefst sérhæfðra verktaka. Leyfi vegna niðurrifs bygginga á árinu voru 37. Í nokkrum tilvikum eru einnig unnin sértæk skilyrði vegna hollustuhátta fyrir tiltekna viðburði og má þar t.d. nefna stóra tónleika, tattoo ráðstefnur og útihátíðir. Vinna við þau leyfi er mismikil eftir eðli starfseminnar. Gefin voru út 34 tóbakssöluleyfi, flest vegna endurnýjunar eða eigendaskipta.

Á fyrri hluta ársins var unnið að veitingu starfsleyfis fyrir gas- og jarðgerðarstöð SORPU í Álfsnesi. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur höfðu fundað um það hvor aðilinn væri útgefandi starfsleyfis og var niðurstaðan sú að Heilbrigðiseftirlitið færi með það hlutverk. Í júní óskaði Umhverfisstofnun eftir úrskurði umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem stofnunin taldi að óskýrt hvor aðilinn ætti að annast starfsleyfisútgáfuna. Ráðuneytið úrskurðaði að Umhverfisstofnun ætti að gefa leyfið út vegna stærðar og umfangs starfseminnar þrátt fyrir að í lögunum sé ekki að finna afmörkun á stærð en ráðuneytið taldi að í lögin vantaði vantaði stærðarafmörkun fyrir starfsemina. Í kjölfarið gerði ráðuneytið tillögu um lagabreytingu hvað þetta varðar.

Vegna Covid-19 voru ekki haldnir viðburðir sem hafa verið árvissir undanfarin ár s.s. auk þess sem hætt var við að halda áramóta- og þrettándabrennur og því mun færri tímabundin starfsleyfi og umsagnir um rekstrarleyfi og tímabundin tækifæris og áfengisleyfi voru veittar vegna leyfa fyrir ýmsa viðburði sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út.

Reglubundið eftirlit var með hefðbundnum hætti á sundstöðum eftir því sem því var viðkomið vegna heimsfaraldursins en gestafjöldi var ýmist takmarkaður eða staðirnir lokaðir á meðan faraldurinn var í hámarki. Því voru færri ferðir í reglubundnu eftirliti en farið var á staðina til að leiðbeina og fara yfir breytt verklag vegna Covid. Tekin voru sýni til klórmælinga í öllum

ferðunum. Einnig voru tekin sýni til gerlarannsóknna úr öllum laugarkerfum stóru almenningslauganna einu sinni yfir sumarið og farið í eftirfylgni eftir þörfum. Þar sem niðurstöður stóðust ekki kröfur var sýnataka endurtekin skv. reglugerð endurtaka þurfti sýnatöku á nokkrum stöðum.

Eftirlit með skólum og leikskólum svo og lóðum við þessar stofnanir er stór liður í starfi deildarinnar. Í skólum er hugað að hollustuháttum, m.a. þrifum og ástandi húsnæðis og öryggi í skólastofum og öðrum rýmum sem nemendur nýta eða hafa aðgang að. Á skólalóðum er kannað ástand og öryggi leiktækja og almenn þrif. Það á einnig við um eftirlit með öllum leiksvæðum sem eru á vegum Reykjavíkurborgar en þau eru rúmlega 260 og var farið á þau öll á árinu. Í eftirliti með mötuneytum í skólum og leikskólum voru tekin sýni til ATP (adenosine triphosfat) mælinga á staðnum. Þessar mælingar eru góður mælikvarði á gæði þrifa þ.á.m. upphvott. Í nokkrum tilvikum voru niðurstöður ófullnægjandi og var gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldinu. Niðurstöður reglubundins eftirlits með skólum, leikskólum, frístundaheimilum, leiksvæðum og öðrum stöðum sem skóla- og frístundasvið starfrækir voru kynntar fyrir skóla og frísundaráði Reykjavíkurborgar eins og verið hefur undanfarin ár.

Eftirlit með mengandi starfsemi var reynt að sinna með hefðbundnum hætti að svo miklu leyti sem mögulegt var en einnig var haft samband við fyrirtæki í síma og með fjarfundabúnaði m.a. til að fylgja eftir kröfum og ganga á eftir gagnaskilum. Farið var í fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi s.s. bensínstöðvar, bifreiðaverkstæði, trésmiðaverkstæði, vélsmiðjur en einnig er eftirlit með fráveitu og meðferð úrgangs á verksvið deildarinnar. Auk reglubundins eftirlits var farið í fjölmargar eftirlitsferðir vegna kvartana en kvörtunum hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Kvartanir eru af ýmsu tagi s.s. vegna úrgangs á lóð, vegna olíuleka af bíl, vegna númerslausra bíla og vegna lyktar- eða hávaðaónæðis svo dæmi séu tekin. Notaðir eru svokallaðir snjallmælar við hávaðamælingar vegna kvartana og hafa þeir reynst



með ágætum þar sem þeir gefa færi á því að fylgjast með ástandinu í rauntíma. Töluvert var um kvartanir vegna ólyktar frá starfsemi í Gufunesi. Sérstaklega voru íbúar ósáttir við ólyktina á

góðviðrisdögum þegar þeir ætluðu að njóta næðis og veðurblíðu í gördum sínum enda voru margir heimavið þar sem takmarkanir voru á ferðalögum. Heilbrigðiseftirlitið sinnti þessum kvörtunum eftir bestu getu og gerði kröfur eftir tilefni um að starfsemi fyrirtækja á svæðinu sem ólyktin stafaði af sem ylli ekki ónæði. Einnig voru lyktarkvartanir frá öðrum stöðum í borginni og var þeim sinnt með sambærilegum hætti. Erfitt getur þó verið að staðfesta lyktarkvartanir þar sem vindátt er breytileg. Kvartanir voru um slæma umgengni á iðnaðarsvæði við Esjumela og ljóst að þörf er á átaki til að bæta umgengi á svæðinu. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Heilbrigðiseftirliti var kærð til Persónuverndar sem úrskurðaði í málinu. Persónuvernd staðfesti að rétt hafi verið staðið að málum og að vinnsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á persónuupplýsingum í málinu vegna eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum í borginni samrýmdist lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Starfsfólk deildarinnar sótti endurmenntun og fræðslu eftir því sem tækifæri gáfust en í þessu sem öðru einkenndist árið af heimsfaraldri Covid-19. Á starfsréttindanámskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa voru starfsmenn deildarinnar fengnir til að annast fræðslu í ýmsum málaflokkum en um leið sátu nýir starfsmenn námskeiðið til að öðlast starfsréttindi.



Starfsmenn á deildinni störfuðu með tveimur samstarfshópum heilbrigðiseftirlitsvæða og Umhverfisstofnunar, hollustuháttahóp og umhverfisgæðahóp. Á vettvangi hópanna eru rædd ýmis sameiginleg mál sem brenna á heilbrigðisfulltrúum og þessum stofnunum. Hóparnir halda mánaðarlega símafundi yfir vetrarmánuðina og venja er að hvor hópur heldur svo tveggja daga starfsfund þar sem unnið er að ákveðnum málum auk þess sem farið er í vettvangsferðir en ekki varð af því þetta árið vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19. Áhersla var lögð á sameiginleg eftirlitsverkefni og innleiðingu á áhættumati bæði í fyrirtækjum

með mengandi starfsemi og hollustuháttafyrirtæki. Ljóst er að samræma þarf aðferðir við áhættumat og einkunnagjöf enda eru mörg fyrirtæki sem falla í báða flokka t.d. tannlæknastofur.

Deildarstjóri sat í Mengunarvarnaráði hafna fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, vinnuhópnum Hreint loft Betri heilsa og var skipaður í fagråd Landlæknis um raka og myglu en vegna Covid-19 hefur starf fagráðsins farið hægt af stað. Enn er beðið eftir að ný hollustuháttareglugerð líti dagsins ljós en svo virðist sem vinna við hana hafi stöðvast a.m.k. í bili. Í kjölfar kvartana vegna hávaða ákvað umhverfis- og auðlindaráðuneytið að þörf væri á endurskoðun reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Umhverfisstofnun ásamt sérfræðingum Umhverfiseftirlits og Vöktunar hafa unnið að endurskoðuninni.

Umsagnir um umhverfismál, skipulagsmál, lagafrumvörp, reglugerðir, og ýmsar leyfisveitingar voru unnar af starfsmönnum Umhverfiseftirlits í samvinnu við starfsmenn Vöktunar. Þessi hluti starfseminnar hefur farið vaxandi á síðustu árum og er umtalsverður í starfsemi deildarinnar.

Fréttáflutningur af málum sem Heilbrigðiseftirlitið hefur aðkomu að og samskipti við fjölmiðla voru nokkuð til umfjöllunar og fundaði eftirlitið m.a. með fjölmiðlateymi borgarinnar og nýtti sér í auknum mæli þjónustu þess.

Á deildinni eru 11 stöðugildi sem ekki voru fullmönnuð allt árið vegna mannbreytinga, fæðingarorlofs og langtímaveikinda.

Sjá nánar um umhverfiseftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/umhverfiseftirlitid>.

Helstu tölur hjá Umhverfiseftirliti fyrir árið 2020:

Fjöldi fyrirtækja með starfsleyfi á deild umhverfiseftirlits	1758
Opin leiksvæði með starfsleyfi	264
Heildarfjöldi útgefinna starfsleyfa á deild umhverfiseftirlits 2020 (ný starfsemi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti)	194
Þar af tímabundið starfsleyfi (viðburðir, niðurrif, brennur)	45
Heildarfjöldi tóbakssöluleyfa	136
Ný leyfi, endurnýjun, breytingar, eigendaskipti	34
Skráðar kvartanir	1084
-Þar af kvartanir vegna númerslausra bíla	612
Umsagnir um tækifæris- og rekstrarleyfi	39
Útgefin sóttvarnarvottorð vegna skipa	30
Framlenging á sóttvarnarvottorði	3
Sýnatökur úr baðvatni - fjöldi sýna (klórmælingar og gerlarannsókn)	194
Sýnatökur ATP/mat á þrifum - fjöldi sýna	200

Vöktun

Hjá einingu Vöktunar voru eins og fyrri ár helstu verkefnið fólgin í vöktun á vatnsgæðum strandsjávar, áa og vatna, vöktun á loftgæðum í borginni ásamt gerð umsagna.

Niðurstöður strandsjávarsýntöku voru á sama róli og undanfarin ár. Tekin voru 90 sýni og voru fjögur yfir mörkum, eða 4,4%, þau sýni voru tekin við Elliðavog, Laugarnes, Grafarvog og Naustanes. Sérstök átaksverkefni í leit að röngum tengingum fráveitulagna voru ekki á árinu en aftur var hafið samstarf við Veitur um leit að rangtengingum á stöðum þar sem búið er að staðfesta vandamál. Rangtengingar fundust í Höfðahverfi en vart hafði orðið við gerlamengun í ofanvatnslæk sem rennur niður í Grafarvog í nágrenni Gullinbrúar.

Dagleg vöktun á loftgæðum í borginni var á árinu sem áður. Þegar þessi ársskýrsla var birt höfðu ekki borist yfirfarin gögn frá Umhverfisstofnun um fjölda skipta sem Svifryk (PM10) fór yfir sólarhringsheilsuverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) við Grensásveg en það má fara 35 sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Einnig vantar upplýsingar um árgildið en mörkin eru $40 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Sama gildir um upplýsingar um köfnunarefnisdíoxíð en þar eru sólarhringsheilsuverndarmörk ($75 \mu\text{g}/\text{m}^3$) og má fara sjö sinnum yfir mörkin skv. reglugerð. Efnið fór ekki yfir klukkustundarheilsuverndarmörkin sem eru $200 \mu\text{g}/\text{m}^3$, má fara 18 sinnum yfir skv. reglugerð.

Á Nýársdag 2020 fór gildi svifryks ekki yfir sólarhringsheilsuverndarmörk. Styrkur svifryks var mun lægri en undanfarin Sólarhringsmeðaltalið var $26,2 \mu\text{g}/\text{m}^3$ við Grensásveg en lágar svifrykstölur þessi áramót skýrast af veðuraðstæðum sem gerðu það að verkum að mengun safnaðist ekki fyrir í borginni.

Loftgæðamæligögn voru aðgengileg almenningi í gegnum loftgæðaupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar, Airviro á slóðinni www.loftgaedi.is. Á vef Reykjavíkurborgar er tenging inn á vef UST en ekki er komin sjálfstæð síða til vöktunar á loftgæðum. Á árinu voru gefnar úr viðvaranir til almennings í þau skipti sem loftgæði voru slæm eða grunur um að þau yrði það. Skólar, leikskólar og dagmæður í borginni voru sérstaklega vöruð við skv. verklagi þar um.

Farið var í almennt eftirlit um vatnsverndarsvæðið og umgengni og ástand bygginga og lóða skoðað. Sem áður voru áhyggjur af svæðinu vegna mikillar umferðar um og við svæðið. Ástand vega á vatnsverndarsvæðinu er lélegt í Heiðmörk og ekki síður í Bláfjöllum í landi Kópavogs, auk þess sem einn umferðarþyngsti vegur landsins liggur að hluta til á vatnsverndarsvæðinu. Ákvarðanir um lokun vega á svæðinu eru teknar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, í samráði við skrifstofu rekstrar og umhirðu og framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun var tekin um miðjan febrúar um lokun vega vegna þriggja umferðaróhappa sem urðu með skömmu millibili. Vegum var einnig lokað í lok ársins vegna hálfu. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fundaði 3 sinnum á árinu um ýmis mál er varðar svæðið.



Eining Vöktunar vann á árinu 35 umsagnir um hin ýmsu málefni sem snertu lög og reglugerðir, skipulag, málefni sem tengjast mati á umhverfisáhrifum, framkvæmdum inni á vatnsverndarsvæðinu o.fl. Einnig hélt

starfsmaður Vöktunar fyrirlestra um vatnsvernd, olíumengun og viðbrögð fyrir nema í slökkviliðsmannanámi hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Tveir heilbrigðisfulltrúar/verkefnastjórar voru starfandi hjá einingu Vöktunar í tveimur stöðugildum.

Sjá nánar um Vöktun á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/voktun-umhverfi>

Hundaeftirlit

Á árinu hélt áfram vinna stýrihóps um hugmyndir að breytingum á fyrirkomulagi dýramála í Reykjavíkurborg sbr. stefnuskrá meirihluta hjá Reykjavíkurborg sem skilaði af sér tillögum um breytingar á fyrirkomulagi um málefni hunda og hundeigenda. Í framhaldinu tók til starfa starfshópur sem m.a. tveir fulltrúar HER tóku þátt í. Starfshópurinn tók áfram vinnu við að skoða mögulegar útfærslur á skráningum, gjaldskrá og hundasamþykkt fyrir Reykjavík. Sú vinna gekk vel og skilaði hópurinn af sér skýrslu í desember. Hundaeftirlit og dagleg umsýsla mun að óbreyttu færast til ÍTR í byrjun næsta árs en þvingunarmál vegna brota á hundasamþykkt og slíkt vera áfram í höndum HER. Afskráningar hunda voru 225 og nýskráningar 252. Hundar á skrá voru um 2500 og eins og var í fjármálakreppunni 2008 þá fjölgaði skráningum á hundum talsvert þegar líða fór á árið þar sem fólk fór að fá sér gæludýr í æ meira mæli.



Kvartanir vegna hunda voru skráðar 103 þar af 31 vegna lausagöngu og 8 bitmál komu á borð hundaeftirlitsins sem voru óvenjulega mörg. Flestar kvartanir voru vegna ónæðis ýmis konar af völdum hunda og hundahalds. Öll mál er varða týnda hunda og lausagönguhunda leystust farsællega þannig að flestir komust til

síns heima en þeir sem enginn vitjaði fengu nýtt heimili. Engan hund þurfti að aflífa. Kvartanir vegna hundahalds hafa undanfarin ár fækkað er voru í ár nokkuð fleiri en í fyrra. Stöðugt meiri sátt er um hundahald í borginni og hundeigendur sem og aðrir taka almennt meira tillit hver til annars. Símtöl vegna hundamála og fyrirspurnir með tölvupósti eru fjölmörg og má nefna að einungis erindi sem komu árið 2020 gegnum Þjónustuver voru 921 auk tölvupósta og símtala sem koma beint til hundaeftirlitsmanna og annarra er sinna þjónustu vegna hundaeftirlits í borginni. Sjá nánar um hundaeftirlit á slóðinni <https://reykjavik.is/thjonusta/hundahald-og-hundaftirlit>